

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Borgarbyggð.

*Deiliskipulag vatnsaflsvirkjunar og flugvallar. Deiliskipulagsbreyting.*

Byggðarráð Borgarbyggðar, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar í leyfi sveitarstjórnar, samþykkti breytingu á deiliskipulagi vatnsaflsvirkjunar og flugvallar í landi Húsafells 3 frá árinu 2020 á fundi sínum 18. júlí 2024. Með breytingunni eru skilgreindar tvær virkjanir, eitt stöðvarhús og lóð undir flugskýli. Hámarksbyggingarmagn er aukið fyrir stöðvarhúsið og fallið er frá færslu árfarvegjar gamla skipulagsins. Deiliskipulagið samræmist aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Borgarbyggð, 5. september 2024.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Þóra Margrét Júlíusdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.